



## **2. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2015 - 2016 haldinn fimmtudaginn 22.október 2015 kl.12:00.**

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður, Þorkell Máni Pétursson, Guðni Th Jóhannesson varamaður ( í stað Sigrúnar Gísladóttur sem boðaði forföll), Ásdís Olsen varamaður (í stað Þórunnar Sveinbjarnardóttur sem boðaði forföll). Fundinn sátu einnig Aðalbjörg Helgadóttir fulltrúi kennara, Páll Marís Pálsson fulltrúi nemenda og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

### **1. Fjármál skólans**

Rekstraryfirlit var sent fundarmönnum fyrir fund. Skýrsla ríkisendurskoðunar á endurskoðun ársreiknings 2014 var send út fyrir fund. Skólinn kemur vel út skv. skýrslunni. Í máli skólameistara kom fram að hann leggur mikla áherslu á að fjármálin séu í lagi. Skv.fjárlögum hækkar framlag til skólans um liðlega 20%. Fjarnámið hefur minnkað að umfangi til að fara ekki yfir á fjárlögum. Farið var yfir rekstraryfirlitið, staðan er betri nú en yfirlitið frá síðasta fundi gaf til kynna.

### **2. Innritun á vorönn 2016**

Í máli skólameistara kom fram að fáir nýir nemendur verða teknir inn á vorönn, helst eru teknir inn nemendur sem eru að flytjast á milli skóla eða gamlir nemendur skólans sem hafa gert hlé á námi sínu. Aðsókn að skólanum hefur verið mjög góð undanfarin ár.

### **3. Félagslíf nemenda**

Páll Marís Pálsson forseti NFFG kynnti fyrir fundarmönnum helstu atburði félagslífs nemenda. Í máli hans kom fram að stjórn NFFG er mjög meðvituð um að fá fleiri stelpur inn í skipulagningu viðburða og félagsstarfið almennt.

### **4. Önnur mál**

Á síðasta fundi skólanefndar hafði komið fram hugmynd að nýrri braut í skólanum sem hefði þá sérstöðu að kenna nemendum á ýmis tæknimál, t.d. hljóð og ljós, sem margir nemendur FG hafa náð langt í. Í máli skólameistara kom fram að ekkert er því til fyrirstöðu að fara af stað með einn til tvo áfanga til að athuga áhuga nemenda. Ef til slíkrar brautar kæmi þá færi best á því að hún væri undir hatti listnámsbrautar með áherslu á tækni- og sviðsmál.

Spurt var um hvort fara ætti í skráningu sögu skólans. Í umræðum komu fram ýmsar hugmyndir um mögulega fjármögnun á slíku verki, t.d. í gegnum Karolina Fund. Mikilli sögu hefur verið safnað saman en óvíst er hvenær hægt verður að leggja út í það verk að gefa út sögu skólans.

Fundi slitið kl. 12:59.

**Næsti fundur: Samkvæmt skipulagi verður næsti fundur 10. desember kl.12:00.**

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.